

Föstudaginn 17. apríl 1970.

Nr. 9/1970. **Karl Guðmundsson og Samvinnutryggingar**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Ingólfi Árna Sveinssyni
(Ingi Ingimundarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. janúar 1970 og gera þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnda og þeim dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur stefndi gefið skýrslu fyrir dómi og nokkur vitni staðfest skýrslur sínar.

Eftir atvikum málsins telst rétt, að stefndi beri $\frac{3}{4}$ hluta tjóns, sbr. 3. málsgrein 67. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um 1.—4. lið bóta-krafna.

Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjendur til þess að greiða stefnda $\frac{2}{4}$ hluta af kr. 504.790.00, þ. e. kr. 201.916.00, að frádregnum kr. 10.000.00, er Samvinnutryggingar hafa greitt stefnda, með 6% ársvöxtum frá 20. september 1965 til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjendur greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 50.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Karl Guðmundsson og Samvinnutryggingar, greiði óskipt stefnda, Ingólfi Árna Sveinssyni, kr. 191.916.00 með 6% ársvöxtum frá 20. september 1965 til

1. janúar 1966, 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 50.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. nóvember 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 3. þ. m., hefur Ingólfur Árni Sveinsson, Kaplaskjólsvogi 65 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 23. október 1968, á hendur Karli Guðmundssyni, Árnesi, Vestur-Húnavatnssýslu, og Samvinnutryggingum g/t hér í borg til greiðslu skaðabóta in solidum að fjárhæð kr. 690.657.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. september 1965 til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómars, allt að fráðregnum kr. 10.000.00.

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað að skaðlausu að mati dómars, en til vara er krafist verulegrar lækkunar á stefnufjárhæðinni og verði þá málskostnaður látinn niður falla.

Málavextir eru þeir, að milli kl. 3 og 4 aðfaranótt mánudagsins 20. september 1965 var stefnandi fótgangandi á þjóðveginum við Syðri-Vallaá á Vatnsnesi, og gekk hann í áttina til Hvamms-tanga. Á sama tíma ók Ragnhildur Karlsdóttir í bifreiðinni H 76 frá Hvammstanga, og var hún á leið heim til sín að Árnesi í Miðfirði. Er stefndi Karl skráður eigandi bifreiðarinnar, og hafði hann keypt lögboðna ábyrgðartryggingu fyrir hana hjá stefnda Samvinnutryggingum g/t. Nú vildi svo til, er bifreiðin var að koma að brúnni yfir Syðri-Vallaá, að stefnandi varð fyrir bifreiðinni og kastaðist út af veginum. Bifreiðin stöðvaðist ekki, heldur fór út af veginum að vestanverðu og ofan í Vallaá, þar sem hún stöðvaðist. Ekki var það fyrr en kl. 1810 þennan dag sem löggæzlumaður kom á vettvang. Var þá búið að fjarlægja bifreiðina, en löggæzlumaðurinn kveður greinileg för hafa sézt eftir hana, þar sem hún hafi farið út af veginum norðan við brúarstöpulinn á Syðri-Vallaá og þar ofan í ána og yfir ána, og hafi bifreiðin numið staðar við bakkabrúnina að sunnanverðu. Síðan kveður hann bifreiðina hafa runnið til baka aftur ofan í ána. Af ummerkjum kveður löggæzlumaðurinn ljóst, að bifreiðin hafi aldrei farið af hjólunum, þótt snarbratt sé ofan í ána frá veginum. Kveður hann hæðina frá yfirborði vegarins að árbotn-

inum virðast vera um 5.50 m. Það kemur fram í skýrslu löggæzlumannsins, að brúin á Syðri-Vallaá sé staðsett í miðri s beygju og að engin aðvörunarmerki séu við brúna. Tekur löggæzlumaðurinn fram, að slys hafi áður orðið við brúna, og telur hann vítavert að hafa brú þessa án hættumerkja. Samkvæmt skýrslu löggæzlumannsins er yfirborð vegarins, þar sem slysið varð, malarborið, en fast. Er atburðurinn varð, var myrkur og skýjað og færi blautt. Það kemur fram í skýrslu löggæzlumannsins, að engin sjáanleg hemlaför hafi verið á slysstaðnum. Löggæzlumaðurinn tók skýrslu af ökumanni H 76 svo og af vitnum, sem komu á vettvang. Rannsóknarlögreglan í Reykjavík tók frekari skýrslu af ökumanni H 76, og einnig tók hún skýrslu af stefnanda máls þessa. Verður nú rakið það, sem fram kemur í skýrslum þessum.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið á dansleik í Víðihlíð í Víðidal í Vestur-Húnavatnssýslu, kvöldið áður en slys þetta varð. Hann kveður ökumann bifreiðar þeirrar, sem hann kom með, hafa tekið annan farþega og hafi hann því ekki komið með bifreiðinni til baka. Stefnandi kveðst svo hafa farið af dansleiknum klukkan rúmlega tvö um nóttina, og kveðst hann þá hafa fengið far með jeppabifreið, sem þar var stödd. Ekki kveðst stefnandi hafa kannast við ökumann þeirrar bifreiðar, og kveðst hann ekki hafa spurt ökumanninn að heiti eða hvaðan hann væri eða hvert hann ætlaði. Stefnandi kveðst hafa neytt áfengis á dansleiknum, en kveðst ekki telja sig hafa verið mikið drukkinn, er dansleiknum lauk. Hann kveðst ekki hafa neytt áfengis, eftir að hann fór af dansleiknum, en kveðst hafa haft meðferðis flösku með slatta af áfengi. Stefnandi kveðst nú hafa farið úr bifreiðinni á Norðurbraut og síðan gengið áleiðis í áttina að Hvammstanga, en bifreiðin hélt áfram suður þjóðveginn. Á leiðinni frá Norðurbraut að slysstaðnum kveður stefnandi tvær bifreiðar hafa ekið fram hjá sér, en hvorug bifreiðanna hafi verið stöðvuð. Stefnandi kveður hvorugan ökumanninn hafa flautað á sig, er bifreiðarnar nálguðust, enda kveðst hann hafa verið vel úti á hægri vegarbrún miðað við stefnu þá, sem hann gekk í. Stefnandi kveðst svo hafa mætt einni bifreið, sem Baldur Ingvars-son hafi ekið. Ekki kveðst hann hafa reynt að stöðva þessa bifreið, en kveður Baldur hafa stöðvað, áður en þeir hafi mætt. Ekki kveður stefnandi þá hafa ræðzt við, og ekki kveður hann Baldur hafa ávarpað sig. Er stefnandi mætti þessari bifreið, kveðst hann hafa verið staddur vinstra megin á veginum. Hefur stefnandi algerlega neitað því, að hann hafi slagað á veginum. Kveðst

hann aldrei slaga, þá er hann sé undir áhrifum áfengis, enda kveðst hann ekki hafa verið það mikið undir áhrifum áfengis í þetta sinn, að hann hafi ekki getað gengið eðlilega eftir veginum af þeim sökum. Kveðst stefnandi hafa gengið eðlilega eftir vegjaðrinum. Stefnandi kveðst svo hafa verið kominn rétt norður fyrir brúna að Vallaá, er hann hafi mætt bifreið þeirri, er hann varð fyrir. Hann kveður bifreiðina hafa verið með sterkum ljósum og því hafi hann ekki séð hana vel. Hann kveðst hafa haldið, að þetta væri bifreiðin, sem hann fór með á dansleikinn í Víðihlíð. Kveðst hann hafa ætlað að stöðva ökumanninn og því rétt út hægri höndina og stánnað á vinstri vegarhelmingi miðað við stefnu að Hvammstanga. Hann kveður það þá engum togum hafa skipt, að bíllinn hafi skolið framan á sig og hafi hann sjálfur kastast út af veginum við ákeyrsluna og komið niður í moldarruðning. Ekki kveðst stefnandi hafa misst meðvitund við ákeyrsluna eða fall það, sem hann hlaut. Hann kveðst hafa séð, að bifreiðin fór út af veginum sömu megin og hann sjálfur kastaðist út af honum. Stefnandi kveðst strax hafa fundið, að hann væri brotinn á hægra fæti, er hann hafi gert tilraun til að rísa á fætur. Hann kveðst hafa legið þarna, þar til lækurinn kom. Stefnandi kveður Pál Guðmundsson, bónda á Syðri-Völlum, hafa komið til sín og verið hjá sér, þar til hann, þ. e. stefnandi, var fluttur á brott. Stefnandi kveðst hafa verið fluttur á sjúkrahúsið á Hvammstanga og kveðst hafa legið þar til daginn eftir, er hann var fluttur í Landspítalann. Þar kveðst hann hafa legið í fimm eða sex vikur.

Er umræddur atburður varð, kveðst stefnandi hafa verið klæddur í dökk jakkaföt og verið í hvítri skyrtu, en berhöfðaður. Hann kveðst hafa verið frakkalaus. Stefnandi kveður myrkur hafa verið, er slysið varð, og loft skýjað og því mjög dimmt, en hann kveður úrkomulaust hafa verið. Stefnandi kveðst örugglega hafa verið vinstra megin við miðju vegarins frá sér séð, er slysið varð. Hann kveður sér hafa fundist bifreiðin vera um miðjan veginn, er hún hafi nálgast hann, eftir því sem hann hafi getað séð vegna ljósanna, sem hafi verið sterk, og hafi hann horft beint í ljósin, er bíllinn nálgastist. Stefnandi kveður sér hafa fundist bifreiðinni ekið frekar greitt.

Ragnhildur Karlsdóttir, ökumaður H 76, hefur skýrt svo frá, að umrætt sinn hafi hún verið á leið frá Hvammstanga heim til sín að Árnesi í Miðfirði. Kveðst hún hafa farið frá Hvammstanga rétt um kl. 3 um nóttina. Ragnhildur kveðst hafa verið ein í

bifreiðinni og ekið hægt, er hún nálgast stað þann, er slysið varð, eða um 30 km hraða miðað við klukkustund á að gizka. Hún kveður veginn hafa verið sæmilega sléttan og kveðst hafa ekið sem næst miðjum veginum, enda engin umferð á móti. Hún kveðst hafa ekið með hærri ökuljósum bifreiðarinnar og kveður þau hafa lýst veginn sæmilega. Ragnhildur kveðst hafa verið að koma úr beygju, er hún hafi séð eitthvað á miðjum veginum fyrir framan bifreiðina. Hún kveður sér hafa komið þetta ógreinilega fyrir sjónir í ljósum bifreiðarinnar. Ragnhildur kveður það svo engum togum hafa skipt, að bifreiðin hafi samstundis runnið á þetta, en hún hafi þá um leið skynjað, að þetta mundi vera maður, mikið drukkinn. Sökum þess að hún var að koma úr beygju, kveður Ragnhildur ljós bifreiðarinnar ekki hafa fallið á manninn, fyrr en bifreiðin var komin á beina vegarspottann, sem framundan var að brúnni. Kveður hún bifreiðina hafa verið rétt komna að manninum, er ljósin féllu á hann. Ragnhildur kveðst í fyrstu hafa séð manninn það óglögg, að hún hafi ekki gert sér samstundis ljóst, að þetta væri maður, sem framundan var á miðjum veginum. En hún kveðst hafa séð, að þetta var maður, í því bili sem bifreiðin var að lenda á honum, og kveðst hún hafa séð, að hann veifaði út báðum höndum og virtist vera mjög drukkinn. Kveður Ragnhildur sér hafa virzt, í því er hún sá manninn vel, er slysið var að verða, að hann gæti varla staðið. Ragnhildur kveður sér hafa brugðið svo við þessa óvæntu sjón, að hún hafi ekki hemlað, og hafi það engum togum skipt, að maðurinn hafi orðið fyrir framenda bifreiðarinnar innanvert við hægra fram-bretti. Við áreksturinn kveður hún manninn hafa kastast út af veginum hægra megin frá sér. Við slysið kveður Ragnhildur sér hafa virzt bifreiðin sveigja til hægri, og kveðst hún því hafa reynt að sveigja til vinstri, en það hafi mistekizt og hafi engum togum skipt, að bíllinn hafi runnið út af vegarbrúninni hægra megin. Ragnhildur kveður bifreiðina ekki hafa farið af hjólunum og kveður hana hafa runnið niður í ána og yfir hana og lent þá á árbakkanum hinum megin. Þar hafi bifreiðin stöðvazt og runnið svo aftur niður í ána og stöðvazt að mestu undir brúnni. Við atburðinn kveðst Ragnhildur hafa lent með höfuðið í framrúðu bifreiðarinnar og hafi rúðan brotnað. Ekki kveðst Ragnhildur hafa misst meðvitund. Hún kveðst hafa flýtt sér út úr bifreiðinni, er hún hafi stöðvazt. Ragnhildur kveðst ekki hafa séð, hvar maðurinn, sem fyrir bifreiðinni varð, hafi legið, en hún kvaðst hafa heyrt óglögg í honum. Hún kveðst hafa hugsað um það eitt

að reyna að ná í hjálp fyrir manninn og því hafi hún farið að Syðri-Völlum. Hafi bóndinn þar, Páll Guðmundsson, síðan farið manninum til aðstoðar, en sonur Páls hafi farið að ná í lækni á Hvammstanga. Ekki kveðst Ragnhildur hafa farið aftur á slysstaðinn. Ragnhildur kveðst hafa verið búin að sjá stefnanda á dansleik í Víðihlíð um kl. 2 um nóttina og hafi hann þá verið mikið drukinn.

Páll Guðmundsson, bóndi á Syðri-Völlum, hefur skýrt svo frá, að það hafi verið um kl. 0345 aðfaranótt mánudagsins 20. september 1965, að Ragnhildur Karlsdóttir hafi vakið upp á bænum. Kveður hann Ragnhildi hafa skýrt svo frá, að hún héldi, að hún hefði ekið á mann á veginum fyrir neðan bæinn og hefði hún síðan misst bifreiðina út af veginum og ofan í ána. Kveður Páll svo hafa virzt sem Ragnhildur væri ekki alveg viss um, hvar hún væri stödd. Páll kveðst hafa brugðið við og farið á slysstaðinn, en kveðst hafa sent son sinn til Hvammstanga eftir lækni. Páll kveðst hafa fundið manninn, þar sem hann hafi legið vestan við veginn í moldarruðningi. Kveður hann manninn hafa verið með fullri rænu og hafi hann sagzt vera eitthvað brotinn, a. m. k. á öðrum fæti. Kveðst Páll síðan hafa hlúð að manninum og beðið lækni. Nokkru síðar kveður hann Baldur Ingvarsson hafa komið á slysstaðinn.

Baldur Ingvarsson hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið á leið frá Hvammstanga að Víðihlíð fyrr umrædda nótt, eða um kl. 0240, og hafi hann þá mætt stefnanda gangandi á veginum á hæðinni skammt norður af Norðurbraut. Er hann kom syðst á hæðina, kveðst hann hafa orðið einhvers var á veginum, sem virtist flikrótt á lit. Hann kveðst ekki hafa áttað sig á því á augabragði, hvað þetta væri, því að það hafi rásað á veginum, en hann kveður sér fljótlega hafa orðið ljóst, að þetta var maður í dökkum fötum og í hvítri skyrtu. Er hann kom nær, kveðst hann hafa kennt manninn, sem verið hafi stefnandi máls þessa. Kveður Baldur manninn auðsjáanlega hafa verið mikið ölvaðan og kveður hann hafa vikið illa á veginum, enda kveðst Baldur hafa beðið þess, að maðurinn færi fram hjá bifreiðinni, þar sem hann hafi ekki treyst honum of vel till þess að halda réttu striki á veginum. Baldur kveðst svo hafa komið á slysstaðinn kl. rúmlega fjögur um nóttina.

Páll Sigurðsson læknir hefur metið örorku stefnanda af völdum áverka þeirra, er hann hlaut við slysið. Í örorkumati lækniins, sem dagsett er hinn 12. apríl 1968, eru rakin læknisvottorð

þau, sem liggja fyrir um áverka þá, er stefnandi hlaut við slysið, og meðferð þá, er hann hlaut á sjúkrahúsinu, svo og vottorð um síðari skoðun á stefnanda. Auk þess sem vottorð þessi eru rakin í mati læknisins, segir þar svo um grundvöll þess og niðurstöðu:

„Slysið varð með þeim hætti, að ekið var á slasaða á þjóðvegi. Við slysið þá hlaut hann áverka á andlit og hægri ganglim, og var hann fyrst fluttur á sjúkrahús á Hvammstanga, en síðar á Landspítala. Það liggja fyrir 2 vottorð frá Friðriki Einarssyni, yfirlækni, um slysið og meðferðina, hið fyrra frá 4/12 1965 og hið síðara frá 13/3 1968, og eru þau svohljóðandi:

„4/12 '65.

Vottorð þetta er gefið eftir beiðni Kristins Ó. Guðmundssonar, héraðsdómslögmanns, og er ætlunin að nota það í bótamáli gagnvart tryggingafélagi.

Ingólfur Sveinsson, sagður fæddur 9. apríl 1947, til heimilis Syðri-Karástöðum í Vestur-Húnavatnssýslu, var innlagður á handlæknisdeild Landspítalans 20. sept. 1965, kl. 11. Svo var frá skýrt, að nóttina áður, um kl. 3, hafi sjúklingur orðið fyrir bíl, hafi „stuðari“ bílsins lent á hægri fæti, og kveðst sjúklingur hafa kastast til fleiri metra. Hann fann strax til í hægri hné og gat ekki staðið upp. Auk þess fékk hann áverka á nef.

Við rannsókn fannst brot í hægri hnélið. Var um skábrot að ræða niður eftir sköflungsbeininu og út á við, einnig var efsti endinn á sperrileggnum brotinn þversum. Auk þess voru rifin liðbönd. Auk þessa áverka var nef sjúklingsins brotið. 21. 9. '65 var gert að fótbrotnu með skurðaðgerð og sjúklingur lagður í gipsumbúðir. 18. 10. '65 var gert að nefbrotnu. 7. 10. voru umbúðirnar teknar af fætinum og sjúklingur látinn fara að hreyfa sig, og heilsaðist honum mjög vel, og sjúklingur útskrifaðist af spítalanum 23. 10. 1965“.

„13/3 '68.

Vottorð þetta er gefið samkvæmt beiðni Inga Ingimundarsonar, hæstaréttarlögmanns, og er ætlað til stuðnings um bætur hjá tryggingafélagi.

Ingólfur Árni Sveinsson, sagður fæddur 9/4 1947, þá til heimilis Syðri-Karástöðum, V.-Húnavatnssýslu, lá á handlæknisdeild Landspítalans frá 20. sept. til 23. okt. 1965 vegna brots á efri enda fótleggjar og nefbrots (factura condyli lateralis tibiae dx. et fibulae et fractura nasi), en hann hafði orðið fyrir meiðslum þessum í bílslysi.

21/9 1965 var gert að fótbrotnu með skurðaðgerð, en 18/10 '65

var gert að nefbrotinu. Báðar aðgerðirnar voru gerðar í svæfingu.

Ca. þrem vikum eftir fótbrotsaðgerðina fór sjúklingurinn á fætur með hækjur og eins og áður er sagt, heim þ. 23. 10.

Í síðara skiptið kom sjúklingur á deildina vegna óþæginda í hnénu, sem hann hafði meiri og minni verk í, einkum við göngu, og fannst honum þetta heldur fara versnandi. Vængskrúfan, sem sett hafði verið í beinið til þess að halda brotunum saman, var þess vegna tekin 30/9 1966, ef vera mætti, að óþægindin bötnuðu við það. Allar þessar aðgerðir voru fylgikvillalausar, og fór sjúklingur af spítalanum 3/10 1966“.

Slasaði kom til viðtals hjá undirrituðum 25/3 1968. Hann skýrir frá slysinu og meðferðinni, eins og lýst hefur verið. Hann kveðst hafa verið frá vinnu um það bil 4 mánuði eftir slysið, en var þá allhaltur og hafði mikil óþægindi, þar til naglinn var tekinn í sept. 1966.

Maðurinn er nú sjómaður og hyggst stunda það starf áfram.

Núverandi óþægindi: Kvartar um þreytu í hægri ganglim við alla áreynslu og er kulsækin. Verður haltur, ef hann þreytist. Telur, að ekki hafi reynt á gangþol fótans vegna þeirrar vinnu, er hann stundar. Er að öðru leyti hraustur. Kvartar ekki um óþægindi frá nefi.

Skoðun: Gengur óhaltur. Hægri ganglimur: Það er ör utanfótar neðan við hnéð 22 cm á lengd, vel gróið. Hreyfingar í hægri hné 180—60 (vinstri 180—50). Mikil rýrnun er á hægri læri og mælist 3½ cm miðað við vinstra. Lítilsháttar hliðarhreyfing er í hnénu á fullréttu hné, en engin rennihreyfing. Röntgen-skoðun var gerð síðast 27/3 1968, og segir svo í umsögn röntgenlæknis:

„27/3 '68, h. hné + leggur.

Hér hefur verið um condylær-fracturu að ræða í tibia, sennilega Y-formaða. Condenseruð lína, vafalaust gamla brotlínan, sest liggja frá medial brún eminentia intercondyloidea skáhallt niður á við og út á við og niður fyrir condylinn, rétt niður fyrir fibula og tibialliðinn og ójöfnur á frambrún. Legan á þessu broti sýnist mjög góð. Nokkrar ójöfnur eru á brotstaðnum á mediala condylar-liðfletinum framantil, og allstór uppvöxtur eða útvöxtur gengur upp úr þeim liðfleti að aftan, en í heild er hann sléttur. Það er ekki grunlaust um, að laust sequester sé í sclerotiska svæðinu, rétt neðan við defectinn.

Fibula brotið sýnist alveg gróið“.

Ályktun: Hér er um að ræða 21 árs gamlan mann, sem slas-

aðist í bifreiðarslysi fyrir 2½ ári. Við slysið þá hlaut hann áverka á andlit, nefbrot, og brot á hægri sköflung upp við hnéliðinn. Slasaði lá á Landspítala, og var gert að brotum hans þar.

Vegna slyssins þá hefur maðurinn nú veruleg óþægindi í hægri ganglim, óþægindi í hægri hnélið, sem rekja má til brotsins, og mikla rýrnun á hægri læri.

Röntgenskoðun sýnir, að liðflötur sköflungs hefur skaddast varanlega.

Vegna slyssins verður að telja, að maðurinn hafi hlotið tíma- bundna og varanlega örorku, sem telst hæfilega metin þannig:

Í 3 mánuði	100%	örorka
Í 1 mánuð	75%	—
Í 2 mánuði	50%	—
Í 6 —	25%	—
Í 1 mánuð	100%	—
Í 1 —	50%	—
Í 1 —	25%	—

Ög síðan varanleg örorka 20%“.

Á grundvelli þessa örorkumatats hefur Þórir Bergsson trygginga- fræðingur reiknað áætlað verðmæti tapaðra vinnutekna stefnanda á slysdegi. Um annan grundvöll útreikningsins og niðurstöður segir að öðru leyti svo í bréfi tryggingafræðingsins, dagsettu 27. maí 1968:

„Árni er sagður fæddur 9. apríl 1947 og hefur því verið 18 ára á slysdegi.

Hér er um svo ungan mann að ræða, að marklaust er að nota skattframtalstekjur áranna fyrir slysið við áætlun framtíðar- vinnutekna.

Árni mun ekki hafa stundað neitt iðnnám. Ég mun því áætla vinnutekjur hans miðað við tekjur verkamanna og sjómanna. Geri ég það á tvo vegu.

I. Á 22. aldursári geri ég ráð fyrir texta Dagsbrúnar fyrir almenna verkamannavinnu með 7% orlofi. Reiknað er með 47½ vinnuviku á ári með 44 dagvinnustundum á viku. Þessar tekjur eru einnig notaðar á 21. aldursári, en lækkaðar um 5%, um 10% á 20. aldursári og um 15% á 19. aldursári.

Frá 27½ árs aldri, sem er meðalgiftingaraldur íslenzkra karla samkvæmt nýjustu rannsókn, er gert ráð fyrir meðaltekjum kvæntra verka- og sjómanna samkvæmt nýjustu úrtakstölum

Efnahagsstofnunarinnar með þeim breytingum, sem orðið hafa vegna vísitölu og samninga.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé á hverjum tíma sami hundraðshluti af áætluðum vinnutekjum og örorka er metin.

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 76.540.00	kr. 41.502.00
2. — — —	— 94.050.00	— 27.580.00
3. — — —	— 103.857.00	— 20.771.00
4. — — —	— 115.737.00	— 23.147.00
5. — — —	— 140.205.00	— 28.041.00
6. — — —	— 164.673.00	— 32.935.00
7. — — —	— 189.141.00	— 37.828.00
8. — — —	— 213.609.00	— 42.218.00
9. — — —	— 238.077.00	— 47.615.00
Síðan árlega	— 256.431.00	— 51.286.00
Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi		
vegna tímabundinnar örorku	kr. 52.261.00	
— varanlegrar —	— 532.155.00	
Samtals kr. 584.416.00		

II. Vinnutekjur áætlast eins að öðru leyti en því, að reiknað er með 10 eftirvinnustundum á viku fyrir 22 ára aldur.

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 93.922.00	kr. 50.927.00
2. — — —	— 115.409.00	— 33.844.00
3. — — —	— 127.443.00	— 25.488.00
4. — — —	— 139.594.00	— 27.919.00
5. — — —	— 159.914.00	— 31.983.00
6. — — —	— 180.234.00	— 36.047.00
7. — — —	— 200.554.00	— 40.111.00
8. — — —	— 220.874.00	— 44.175.00
9. — — —	— 241.194.00	— 48.239.00
Síðan árlega	— 256.431.00	— 51.286.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi	
vegna tímabundinnar örorku	kr. 64.129.00
— varanlegrar —	— 541.738.00

Samtals kr. 605.867.00

Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur ís-lenzkra karla samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lífanda lífi samkvæmt sænskri reynslu“.

Kröfur stefnanda í máli þessu eru byggðar á því, að samkvæmt 67. gr. umferðarlag nr. 26/1958, er í gildi voru á þeim tíma, er umræddur atburður varð, þeri stefndi Karl fébótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandi varð fyrir af völdum slyssins. Er því mótmælt af hálfu stefnanda, að framferði hans hafi á nokkurn hátt verið slíkt, að efni séu til að meta honum til sakar. Er því sérstaklega mótmælt, að sannað sé, að stefnandi hafi verið undir slíkum áhrifum áfengis, að það hafi á nokkurn hátt haft áhrif á hegðun hans.

Sýknukrafa stefndu er á því byggð, að stefnandi hafi sjálfur valdið umræddu slysi með stórkostlegu og vítaverðu gáleysi sínu. Hann hafi verið dökkklæddur gangandi á ferð á vegi um hánótt í svartamyrkri á slóðum, þar sem engra mannaferða hafi verið von. Hafi hann verið ölvaður og eigi kunnað fótum sínum forráð. Er því haldið fram, að er hann hafi séð til ferða bifreiðarinnar H 76, hafi hann tekið sér stöðu á miðjum veginum, eða a. m. k. alveg við miðju vegarins. Hafi hann gert þetta í því skyni að neyða ökumann H 76 til að stöðva bifreiðina með því að gera sjálfan sig að algerum farartálma á veginum. Er því haldið fram, að með þessu atferli sínu hafi stefnandi ekki aðeins stofnað sjálf-um sér í lífshættu, heldur hafi hann látið sig engu skipta öryggi þeirra, sem í bifreiðinni kynnu að vera. Er því haldið fram, að bifreiðarstjóri, sem sé settur í slíkar aðstæður, geti ekki komið í veg fyrir þá stórkostlegu hættu, sem af því skapist, nema með örþrífaraðum, og sé því alveg undir hælinn lagt, hverjar afleið-ingarnar verði. Er því haldið fram af hálfu stefndu, að sökum þessa stórkostlega vítaverða atferlis stefnanda verði hann að bera tjón sitt að öllu leyti sjálfur. Auk sjónarmiða þeirra, sem aðalkrafa stefndu byggist á, er varakrafa stefndu byggð á því, að stefnandi verði að bera tjón sitt að verulegu leyti sjálfur. Þá

er varakrafan og reist á því, að ætlað tjón stefnanda af völdum slyssins sé allt of hátt metið í gögnum málsins.

Löggæzlumaður sá, sem kom á vettvang eftir slysið, gerði uppdrátt af vettvangi og studdist þá við ummerki á staðnum svo og frásögn Páls Guðmundssonar. Uppdráttur þessi hefur ekki sætt andmælum, og verður hann því lagður til grundvallar við úrlausn málsins. Á uppdrættinum er árekstrarstaðurinn markaður rétt til hægri við miðju vegarins miðað við akstursstefnu H 76, og hefur bifreiðin þá verið að koma á beina vegarkafalann að brúnni úr sveigju, sem þarna er á veginum. Kemur það heim við það, sem stefnandi og ökumaður H 76 hafa skýrt frá um þetta atriði.

Þá liggur einnig frammi uppdráttur, sem Skúli Magnússon, vegaverkstjóri á Hvammstanga, hefur gert af veginum við Syðri-Vallaá, og kemur þar fram breidd vegarins á um 240 m löngum kafla sitt hvorum megin við brúna. Kemur þar fram, að í sveigju þeirri, sem H 76 hefur farið um norðan við brúna, rétt áður en hún rakst á stefnanda, er vegurinn um 8.60 m breiður, en vegurinn mjókkar síðan, er að brúnni dregur, í 7.60 m og 5.30 m, en sjálf er brúin 3.90 m breið milli handriða. Bifreiðin H 76 er 1.50 m breið. Þegar virt er það, sem rakið hefur verið um aðstæður á vettvangi, svo og það, sem fram er komið hjá stefnanda og ökumanni H 76 um atvik að slysinu, þá verður að telja ljóst, að ökumaður H 76 hafi ekki hagað akstrinum í samræmi við ákvæði 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga eða 2. mgr. og b og d lið 3. mgr. 49. gr. sömu laga, enda bar ökumanni H 76 að haga akstri sínum að lögboðnum hætti, þótt hánótt væri og eigi væri að vænta gangandi vegfarenda. Stefnandi gekk á vinstri vegarhelmingi miðað við átt þá, sem hann gekk í, og hefur hann verið allnærri miðju vegarins. Það verður að telja ósannað, að stefnandi hafi ætlað að gera sjálfan sig að vegartálma og fá ökumann H 76 með þeim hætti til að stöðva bifreiðina. Hins vegar þykir stefnandi ekki hafa sýnt næga aðgæzlu, er hann hugðist gefa ökumanni H 76 til kynna, að hann vildi stöðva bifreiðina, og tók sér í því skyni stöðu nálægt miðju vegarins. Er á það að líta í þessu sambandi, að stefnandi var dökkklæddur, og mátti honum því vera ljóst, að örðugt gat verið fyrir ökumenn, sem eftir veginum óku, að greina hann í náttmyrkrinu. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, þykir ökumaður H 76 eiga meginsök á slysinu, en telja verður, að stefnandi hafi sýnt af sér nokkra óaðgæzlu og verði því að bera tjón sitt að nokkru leyti sjálfur. Þykir rétt að

skipta sök þannig, að ökumaður H 76 beri $\frac{3}{4}$ hluta sakar, en stefnandi sjálfur $\frac{1}{4}$ hluta. Í samræmi við þetta verður fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins skipt þannig, að stefndi Karl sem skráður eigandi bifreiðarinnar H 76, sbr. 67. og 69. gr. umferðarlaga, beri fébótaábyrgð á tjóni stefnanda að $\frac{3}{4}$ hlutum, en stefnandi beri sjálfur $\frac{1}{4}$ hluta tjóns síns.

Verður nú afstaða tekin til fjárhæðar dómkröfu stefnanda, en hún er sundurliðuð þannig:

1. Bætur fyrir örorkutjón	kr. 605.867.00
2. Þjáningabætur	— 75.000.00
3. Fatatjón	— 4.000.00
4. Kostnaður við öflun ýmissa vottorða . .	— 5.790.00

Kr. 690.657.00

Frá þessari fjárhæð dregur stefnandi

greiðslu, sem Samvinnutryggingar g/t hafa

innt af hendi, — 10.000.00

Kr. 680.657.00

Um 1. Fjárhæð kröfuliðar þessa er byggð á örorkumati Páls Sigurðssonar læknis, sem áður er rakið, svo og örorkutjónútreikningi Þóris Bergssonar tryggingafræðings. Af hálfu stefndu er fjárhæð þessa liðar mótmælt sem of hárr. Er því haldið fram, að óraunhæft sé að ætla manni á aldri stefnanda svo háar tekjur sem hér er gert, m. a. með tilliti til hins óvissa ástands í atvinnumálum, sem nú er. Er og á það bent, að stefnandi hafi verið frá vinnu af völdum slyssins í fjóra mánuði, en allt að einu sé hann metinn tímabundinn öryrki í lengri tíma. Einnig er því haldið fram, að örorkumatið sé óraunhæft, að því er tekur til hinnar varanlegu örorku. Þá er því haldið fram, að taka beri tillit til skattfriðinda af bótum sem þessum svo og til þess hagræðis, sem stefnandi hafi af því að fá bætur greiddar sem eingreiðslu. Örorkumati Páls Sigurðssonar læknis hefur eigi verið hnekkkt, og verður það því lagt til grundvallar við úrlausn málsins. Samkvæmt þessu og með tilliti til annarra þeirra gagna, sem fyrir liggja í málinu, svo og með hliðsjón af öðrum atriðum, sem hafa ber í huga við ákvörðun bóta sem þessara, þá þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 420.000.00.

Um 2. Af hálfu stefndu hefur fjárhæð þessa liðar verið mót-

mælt sem of hárrí. Hér að framan hefur verið lýst áverkum þeim, sem stefnandi hlaut við slysið, og einnig hefur sjúkrasaga hans verið rakin. Samkvæmt því þykir mega taka fjárhæð liðar þessa til greina óbreytta.

Um 3 og 4. Kröfuliðir þessir hafa ekki sætt andmælum, og verða þeir því teknir til greina óbreyttir.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að stefnda Karli og stefnda Samvinnutryggingum g/t sem ábyrgðartryggjanda H 76, sbr. 70. og 74. gr. umferðarlaga, verður gert að greiða stefnanda in solidum $\frac{3}{4}$ hluta af kr. 504.790.00 (420.000.00 + 75.000.00 + 4.000.00 + 5.790.00), þ. e. kr. 378.592.50 með 6% ársvöxtum frá 20. september 1965 til 1. janúar 1966 með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 53.000.00, allt að frádregnum kr. 10.000.00, sem ágreiningslaust er, að Samvinnutryggingar g/t hafi greitt stefnanda.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Karl Guðmundsson og Samvinnutryggingar g/t, greiði in solidum stefnanda, Ingólfi Árna Sveinssyni, kr. 378.592.50 með 6% ársvöxtum frá 20. september 1965 til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 53.000.00 í málskostnað, allt að frádregnum kr. 10.000.00, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
